

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB frá 2. október 2009 um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB) í X. viðauka við samninginn:

„1a. **32009 D 0739:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB frá 2. október 2009 um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/739/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 32.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.